



# Pökkun á gulrófum varðveitir gæði og hindrar vatnstap

Niðurstöður mælinga hjá Matis ohf.

## Inngangur

Rannsókn á geymsluþoli gulrófna fór fram hjá Matis árið 2021. Vinnan var hluti af verkefni um gæði grænmetis sem styrkt var af Matvælasjóði.<sup>1</sup>

Kálfafellsgulrófur frá Þórisholti voru geymdar í sérútbúnum klefa við 2°C og 90% raka í 12 vikur. Bornar voru saman ópakkaðar rófur og rófur pakkaðar í plastfilmu (herpifilmu). Gæði voru metin í annarri hverri viku af hópi þjálfaðs skynmatsfólks. Matsþættir voru ytra og innra útlit, lykt, bragð og áferð. Út frá þessum þáttum voru heildargæði metin eins og kemur fram í töflu að neðan. Jafnframt var fylgst með breytingum á þyngd rófnanna.

## Gæði rófna


Taflan sýnir mat á heildargæðum fyrir pakkaðar og ópakkaðar rófur. Túlkun einkunnna: 5 = ágætt, 4 = gott, 3 = sæmilegt, 2 = varhugavert.

Ljóst er að gæði pakkaðra rófna haldast mun betur en gæði ópakkaðra rófna. Mati á óþökkuðum rófum var hætt eftir 8 vikur.

	Heildargæði rófna	
	Pakkaðar	Ópakkaðar
Vika 2	4,0	3,5
Vika 4	4,7	3,5
Vika 6	4,5	3,0
Vika 8	4,4	2,5
Vika 10	4,5	
Vika 12	4,3	

## Breytingar á þyngd rófna

Pakkaðar gulrófur léttust því sem næst ekkert á 12 vikum í geymslu. Ópakkaðar gulrófur léttust hins vegar um 33-52% á tveimur mánuðum. Sjá mynd hér til hægri.



Myndin að ofan sýnir breytingar á meðalþyngd þriggja gulrófna í kæli við 2°C og 90% raka.



Myndirnar sýna pakkaðar og ópakkaðar gulrófur eftir 10 vikur í geymsluþolstilraun.

## Samantekt

Niðurstöður úr geymsluþolstilraun á gulrófum eru þessar.

- Gæði gulrófna í plastfilmu héldust í að minnsta kosti 12 vikur og þær töpuðu ekki þyngd.
- Heildargæði ópakkaðra gulrófna minnkuðu á tveimur mánuðum og þær töpuðu verulegri þyngd vegna uppgufunar vatns. Léttingin nam 33-52% af upphaflegri þyngd.

Heimild:

1 Ólafur Reykdal, Didar Farid Kareem, Kolbrún Sveinsdóttir, Aðalheiður Ólafsdóttir, Guðjón Þorkelsson, 2022. Bætt gæði, geymsluþol og minni sóun í virðisikeðju íslensks grænmetis. Skýrsla Matis 13-22. ISSN 1670-7192. <https://matis.is/skyrsla/bae-virdiskedu-islensks-graenmetis/>



Matvælasjóður



Sölufélag  
garðyrkjumanna